

# Skólaráð

Fundargerðir skólaárið 2022-2023

## Fundur í skólaráði Glerárskóla 20. febrúar kl.15

Mætt : Eyrún Skúladóttir, Tómas Vilbergsson deildarstjóri, Hlynur Stefánsson nemandi, Birkir Orri nemandi, Einar Gauti Helgason hverfisnefnd, Ester G. Gestsdóttir kennari, Margrét Silja fyrir hönd foreldra, Brynja Sigurðardóttir, Rakel Káradóttir námsráðgjafi

1. Skóladagatal 2023-2024 (sjá viðhengi til skoðunar - vinsamlega dreifið ekki) Eyrún dreifði skóladagatali og renndi í gegnum það. Haustið verður hédan í frá alltaf mánudag og þriðjudag í lok október. Reyna að hafa seinni þemadaga nær vori upp á veður að gera. Farið yfir skýringar með skóladagatali. boðið upp á umræður.

Spurning frá Margrétu Silju hvort ekki hægt sé að samræma skipulagsdaga leik og grunnskóla, ef víxlun er mikil eru þetta jafnvel 21 dagar, erfitt fyrir t.d.einstætt foreldri. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### 2. Nemendastýrð samtöl

kennarar skiluðu inn mati , rýnihópa hjá nemendum og mat frá foreldrum. Yfirleitt mikil ánægja hjá foreldrum, nemendum og kennurum.

Umræða : foreldrum fannst þetta frábært og einnig nemendum samkvæmt fulltrúum nemenda. Krakkar taka meiri ábyrgð og koma betur undirbúinn. MS finnst vera lítið heimanám og það sé ekki gott fyrir undirbúning fyrir framhaldsskólann. Stefnan að hafa hæfilegt heimanám.

### 3. Framkvæmdir Á-álma - staðan í dag

Ganga mjög vel og allt staðist og á áætlun. framhaldið viljum halda áfram með næstu og álmu og erindi sent á fræðslu og lýðheilsusvið, en þaðan kom fyrst jákvætt og síðan synjun. Sviðstjóri fræðslu og lýðheilsusvið boðaði pólitíkina til fundar um þetta, vont að geta ekki klárað þetta, t.d. skólalóðin, anddyrið allt í uppnámi. Dýrt að hafa þetta svona og “bútasauma” í þetta.

### 4. Hlíðarfjall

Hlíðarfjall 15. mars á bilinu 8:15-12, Frístund opinn. Tímasetningarnar eru svona vegna styttingu vinnuviku kennara. Gæti kostað skólann kr. 150.000 að leigja búnað.

### 5. Árshátíð

Á næsta leiti. 9. bekkur byrjaður að æfa Ávaxtakörfuna, mikil undirbúningstími framundan. 10. bekkur með hátíðarmálsverð og sprell.

### 6. Önnur mál

Eyrún. Sleppa fundi 20. mars, árshátíð og fleira í gangi og halda næsta fund 15. maí nema eitthvað komi upp á.

Starfsmannaferð , Eining iðja styrkir kr. 170.000, ekki ljóst með Kjöl.  
Starfið gengur almennt vel þrátt fyrir tvær starfsstöðvar.  
Fundi slitið

## **Fundur í skólaráði Glerárskóla 23. janúar kl.15**

Mætt: Eyrún Skúladóttir skólastjóri, Helga Hrefna starfsmaður , Ester G. Gestsdóttir kennari, Einar Gauti Helgason hverfisnefnd, Sveinbjörg og Margrét Silja fyrir hönd foreldra, Hlynur nemandi, Tómas Lárus Vilbergsson deildarstjóri,

### 1. Námsferð starfsmanna - skóladagatal

ES sagði frá námsferð starfsmanna og hvað því fylgdi m.a. lokun Frístundar. Sagði frá litlum "styrkjum" stéttarfélaganna og verið að reyna að fá meira. Þarf að fara að borga staðfestingargjald. Ferðin m.a. til að efla andann.

### 2. Skóladagatal 2023-2024 - í vinnslu

Dagatalið er í vinnslu og vonandi verður það tilbúið fyrir næsta fund. Talað um að hafa góða samvinnu milli Klappa og skólans. Samræma t.d. skóladagatal við okkur og Klappir.

### 3. Dagskrá nemendaráðs

Hlynur sagði aðeins frá því sem er framundan. Hattadagur 20. janúar. Búningadagur 21. febrúar. Árshátíð í mars. Hæfileikakeppni í lok apríl/mái?

### 4. Viðtöl, þemadagar, skíðaferð

Það verða nemendastýrð viðtöl og Hlynur hélt að þetta yrði fínt. Fær nemendur aðeins til að hugsa um sína frammistöðu að mati Hrefnu. Þemadagar í kjölfarið af viðtalsdögum hér í Glerárskóli. Verður farið í Hlíðarfjall í mars, breyting því nú þarf að greiða fyrir skíðaleigu.

### 5. Heimsóknir erlendra gesta

Eru að koma 10 kennarar í mastersnámi frá Hollandi til að fylgjast með kennslu og síðan háskólakennarar frá Belgíu í tvo daga að kynna sér m.a. grenndarkennslu.

### 6. Erasmus+ - staðan í dag

Erasmus Hópur að fara 19. mars til Rúmeníu og verið að skoða fleiri verkefni m.a. tengt tækni

### 7. Réttindaskóli Unicef - Barnvænt samfélag

Verið að leggja línurnar með réttindaskólana og reiknað með innleiðingu 2024. Fara tveir skólar í einu og við með Brekkuskóla.

### 8. Læsisþing

Reyna að hjálpa skólum að gera sína eigin læsisstefnu, hópar innan skólanna verða á því þingi

### 9. Uppgjör fyrir árið 2022

ES;á eftir að koma viðauki vegna Rósenborgar, fórum 12 milj fram yfir á síðasta fjárhagsári. Verður dregið saman í einhverju. Við sýnum mikið aðhald í öllu og

skilum þar góðu búi. Ekki víst hvort komið hafi viðauki vegna t.d. hærrí launakostnaður. Fækkun á börnum á næsta ári, ýmislegt jákvætt þjónustulegs eðlis að gerast í hverfinu t.d. heilsugæsla, Norðurtorg o.fl. Þrjú hundruð flóttamenn að koma til Ak á næstunni, hlýtur e-ð að koma hingað. Láta vita ef kemur nýr nemandi í bekk t.d. í föstudagspósti.

#### 10. Önnur mál

Framkvæmdir ganga vel, stefnt á næstu áramót og viljum fá að halda áfram. komið undir ákvörðunum pólitíkusa. Má fara að ýta við því á sem flestum stöðum. Upplýsingar um framhaldið á framkvæmdum eru opinberar. Sveinbjörg ; virkja foreldra til að ýta við þessu, ýta á bæjarráð og fleiri.

### **Fundur í skólaráði Glerárskóla 26. september kl.15**

Mætt: Eyrún Skúladóttir skólastjóri, Birkir Orri Jónsson nemandi, Sveinbjörg og Margrét Silja foreldrar, Kristjana Kristjánsdóttir f.h. starfsmanna og Helga Halldórsdóttir deildarstjóri sem ritar fundargerð.

Boðuð forföll: Einar Gauti Helgason hverfisnefnd, Hlynur Stefánsson nemandi, Esther G. Gestsdóttir, Sveinn Leó Bogason og Rakel Björk Káradóttir kennarar sem öll eru fjarverandi í dag.

1. ES bauð fólk velkomið til starfa og sagði frá helstu störfum skólaráðs.
2. ES fór yfir fundartímann í vetur. Mánudagar henta öllum. Næsti fundur verður því 31. okt. kl.15 og síðan fundur 28. nóv. á sama tíma. Fundarboð sent nokkrum dögum áður.
3. ES fór í yfir skóladagatalið. Hún nefndi sérstaklega góðar heilar vikur fram að skipulagsdegi og viðtalsdegi 19. og 20. okt. Þemadagar í nóvember sem farið er að skipuleggja. Allur skólinn saman í Glerárskóla. Glerárvision í Glerárskóla 2. des. og jólafrí 20.des. Reykjaferð í desember sem er nýtt fyrir skólann. Skóli hefst á nýju ári 4. jan. Þemadagar og vetrarfrí í kringum öskudag. Útivistardagur hreyfanlegur. Páskafrí.  
ES ræddi sérstaklega um skipulagsdag þann 19. maí, þarf hugsanlega að færa hann til vegna væntanlegrar hópeflisferðar starfsfólks á vordögum. Verið er að skoða dagana í kringum Sumardaginn fyrsta eða Hvítasunnuna. Skólaslitin eru 6. júní.

Margrét ræddi að það þyrfti meira samráð milli leikskóla og grunnskóla vegna skóladagatala. Það virðist vanta mikið upp á að það sé samræmi með leyfisdagana á milli leik- og grunnskóla.

Sveinbjörg spyr um viðtalsdaga í október og febrúar, spyr hvers vegna þetta sé svona, þ.e. einn dagur í október og tveir í feb. Í okt. er einn dagur þar sem

rætt er um líðan og fleira tengt skólagöngunni en lengri og stærri viðtöl í febrúar þar sem frekar er rætt um námsárangur.

4. Rætt um breytingar á húsnæði sem ákveðnar voru rétt fyrir skólabyrjun. Farið af stað í byrjun september. Unglingarnir í Rósenborg og það hefur gengið vel. Verktakarnir ætla að vinna öruggt og hratt og langar að skila verkinu fyrr en gert er ráð fyrir. Útboðið var til tveggja ára. Byrjað á þakinu, þegar það er búið verður farið í að grafa út milli álma og byggja við áður en farið verður að breyta innanhúss. ES sótti teikningar til að sýna fólki. Sveinbjörg spyr um flokkun og förgun á því sem verið er að breyta/henda, þar sem skólinn er Grænfánaskóli. Verktakinn flokkar allt sem verið er að taka niður.
5. Starfsáætlun. Hún er inni á heimasíðu skólans, ES biður fólk að kynna sér hana. Hún bendir á að gott sé líka að skoða Skólanámskrána og innra matið og umbótaáætlun skólans. Margrét spyr um námsmat í InfoMentor, spyr hvort foreldrar geti fengið frekari skýringar á námsmati þar. Rætt um útskýringar á hæfniviðmiðum og lykilhæfni til foreldra.
6. Jákvæður agi. Ætlum að leggja mikla áherslu á hann í vetur. Námskeið á döfinni fyrir starfsfólk en viljum einnig hafa námskeið fyrir foreldra. Erfitt að fá fyrirlesara.
7. Ætlum að leggja áherslu á lykilhæfni og stigin farin af stað með að vinna lykilhæfni inn í námsgreinarnar. Einnig leggjum við áherslu á lestur og læsi. Ætlum að vinna meira með niðurstöður kannanna í lestri og niðurstöður lesfimi. ES ræðir um að við þurfum að leggja megin áherslur á samveru fólks og samtalið. Rætt um símanotkun, Birkir Orri talar um að nemendur séu í símunum í frímínútum en ekki inn í tímum. Telur að það gæti verið erfitt að banna símana.
8. Önnur mál. ES ræðir um heilsueflandi skóla og barnvæna/réttinda skóla sem okkur er gert að taka upp á næstu árum. Akureyrarbær er búin að fá tilboð um innleiðingu barnvæna/réttindaskóla, hvetur fundarfólk til að kynna sér þessar stefnur. Birkir sagði frá því sem nemendaráð er að bralla en næst á dagskrá er Rósaball. Á dagskrá eru líka búningadagar o.fl. Birkir sagði einnig frá því að nemendaráð hefði þurft að senda bréf til aðstandenda sýningarinnar Góðan daginn Faggi vegna framkomu nemenda á sýningunni og fannst það mjög leiðinlegt að það hafi þurft að koma til þess.

